

Nd.

517. Nefndarálit

[5. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá 2. minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks standa að meirihlutaáliti og sameiginlega að breytingartillögum. Undirritaður fulltrúi Alþýðubandalagsins í nefndinni skilar séráliti ásamt breytingartillögum við frumvarpið í 12 liðum og fulltrúar Bandalags jafnaðarmanna og Alþýðuflokks eru einnig sér um afstöðu. Auk þeirra breytingartillagna, sem 2. minni hl. stendur að og fyrir liggja á sérstöku þingskjali, áskilur undirritaður sér rétt til að styðja breytingartillögur er fram kunna að koma og til umræðu voru í nefndinni.

Hér verða rakin nokkur meginatriði er ráða afstöðu undirritaðs og þingflokks Alþýðubandalagsins til frumvarpsins.

1. Efling Ríkisútvarpsins.

Alþýðubandalagið leggur nú sem fyrr mikla áherslu á að vel sé búið að Ríkisútvarpinu varðandi alla starfsaðstöðu. Á það reynir enn frekar þegar hafin verður starfræksla svæðisbundinna útvarpsstöðva. Ríkisútvarpið þarf eftir sem áður að vera burðarásinn í útvarpsfjölmíðlun og á það eru lagðar margháttadar skyldur sem ekki eru gerðar til svæðisstöðva.

Tryggja þarf viðunandi kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins og áhrif þeirra á starfrækslu stofnunarinnar. Að því lúta nokkrar af þeim breytingartillögum sem undirritaður flytur við frumvarpið, m. a. um starfsmannaráð. Alþýðubandalagið mun styðja breytingartillögur við frumvarpið sem til heilla horfa fyrir Ríkisútvarpið og gera það færara að rækja hlutverk sitt sem öflugasti fjölmiðill í landinu.

2. Afnám einkaleyfis — aukið tjáningarfrelsi.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins er fylgjandi því að hópum með ólíkan bakgrunn verði heimilað að spreyta sig á útvarpsrekstri með það í huga að auka tjáningarfrelsi í landinu og lýðræðislega umræðu. Með þessi markmið í huga telur þingflokkurinn rétt að einungis samtök, sem sérstaklega eru stofnuð með útvarpsrekstur í huga, fái slíka heimild. Fyrirtæki, sem stunda annan og óskyldan rekstur, eiga ekki að geta gerst beinir aðilar að útvarpsrekstri.

3. Útvarpsstöðvar án auglýsinga.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins bendir á að ráðstöfun útvarpsréttar er í höndum almannavaldsins og hlýtur að verða það áfram. Svigrúm til almennrar útvarpsstarfsemi er í raun takmarkað og því hlýtur Alþingi að sníða henni stakk með nýjum útvarpslögum. Vegna þessara takmarkana telur Alþýðubandalagið með öllu óeðlilegt að útvarpsstarfsemin sé gerð að markaðsvöru í gróðaskyni. Því leggst flokkurinn ákveðið gegn því að handhöfum útvarpsheimilda verði leyft að selja þriðja aðila aðgang að senditíma með hvers kyns viðskiptaauglýsingum eða annarri verslun með dagskrártíma í svæðisbundnum útvarpsstöðvum. Sýnt hefur verið fram á með skýrum rökum hvernig unnt er að fjármagna rekstur útvarpsstöðva án auglýsingatekna. Fjöldamörg dæmi eru um það erlendis að útvarpsstöðvar séu reknar án auglýsinga, t. d. eru auglýsingar ekki heimilaðar í útvarpi í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

4. Dreifikerfi í opinberri eigu.

Alþýðubandalagið leggur á það ríka áherslu að dreifikerfi til útvarpsþendinga, bæði boðveitulagnir í jörð og endurvarpsstöðvar fyrir þráðlaust útvarp, verði í eigu opinberra aðila, þ. e. ríkis og/eða sveitarfélaga, til að koma í veg fyrir einokun í skjóli einkaeignar á dreifikerfum. Þetta skilyrði þarf á engan hátt að hindra það að handhafar útvarpsheimilda geti komið sér upp góðum tækjum eftir því sem þeir kjósa. Þessi afstaða er hins vegar tekin með það í huga að heimildir til útvarpsrekstrar eru veittar til takmarkaðs tíma og það væri með öllu óeðlilegt að rétthafi, sem hefur verið sviptur útvarpsheimild, t. d. fyrir stórfelld brot á útvarpslögum, gæti eftir sem áður verið eigandi að umfangsmiklum dreifikerfum. Einnig eru ákvæði um þetta atriði nauðsynleg til að tryggja visst samræmi í sendibúnaði. Útvarpsleyfishafar munu hins vegar hafa fullt forræði umræddra tækja á meðan þeir eru handhafar leyfis.

5. Aukning á innlendu efni.

Alþýðubandalagið leggur ríka áherslu á að framfylgt verði markmiðum útvarpslaga um rækt við menningu og tungu og að gætt verði hagsmuna allra þjóðfélagshópa. Sérstaklega vekur flokkurinn athygli á nauðsyn þess að tryggja að allar stöðvar flytji íslenskt efni að vissu marki og í auknum mæli og einnig verður að teljast nauðsynlegt í ljósi reynslunnar að tryggja að Ríkisútvarpið og aðrar stöðvar verji ákveðnum hluta af dagskrárfé sínu til efnis fyrir börn.

Í samræmi við þessar megináherslur Alþýðubandalagsins flytur 2. minni hl. breytingar-tillögur við frumvarpið er varða m. a.:

1. stuðning við gerð innlands dagskrárefnis og ákveðnar lágmarkskröfur í því sambandi,
2. aukið efni fyrir börn í Ríkisútvarpinu,
3. aukin áhrif starfsmanna Ríkisútvarpsins á starf stofnunarinnar,
4. ráðningu útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins til 5 ára í senn,
5. bann við verslunar- og viðskiptaauglýsingum hjá svæðisstöðvum,

6. fjárhagsstuðning af opinberri hálfu við svæðisstöðvar til að auðvelda þeim dagskrárgerð og útsendingu og til að tryggja sem mesta fjölbreytni,
7. dreifikerfi útvarpsstöðva um þráð og að endurvarpsstöðvar verði í opinberri eigu,
8. að aflað verði reglubundið vitneskju um notkun almennings á hljóðvarpi og sjónvarpi með könnunum,
9. að erlendir aðilar fái ekki leyfi til útvarpsrekstrar hérlendis eða aðild að slíkum rekstri,
10. að leyfi fyrir svæðisstöðvar taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 1986.

Undirritaður telur að samhliða eflingu Ríkisútvarpsins skipti mestu máli að svæðisstöðvar byggji ekki starfsemi sína á auglýsingatekjum og tryggt verði með löggjöf opinbert eignarhald á dreifikerfum útvarps.

Ástæða er til athugasemda varðandi undirbúning og málsmeðferð er tengist þessu frumvarpi. Af hálfu ríkisstjórnarinnar og menntamálaráðherra var reynt að hraða málinu í meðferð Alþingis með því að gera ráð fyrir afgreiðslu frumvarpsins í þinginu á örfáum vikum.

Skynsamlegt hefði verið að heimila rekstur svæðisstöðva aðeins í tilraunaskyni í nokkur missiri og taka útvarpslögin í heild fyrst til endurskoðunar að þeim tíma liðnum. Þannig er staðið að málum í grannlöndum okkar, t. d. í Danmörku. Hér var hins vegar tekin önnur stefna með framlagningu þessa frumvarps. Miklu skiptir að unnt verði að sníða af því verstu agnúana eins og að er stefnt með þeim breytingartillögum sem undirritaður flytur á sérstöku þingskjali og nánari grein verður gerð fyrir í framsögu 2. minni hl.

Alþingi, 20. febr. 1985.

Hjörleifur Guttormsson.